

## REGLUGERÐ

### fyrir Hitaveitu Ólafsfjarðar.

#### 1. gr.

##### Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir í lögsagnarumdæmi Ólafsfjarðarkaupstaðar.

#### 2. gr.

##### Stjórn hitaveitunnar.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðar fer með stjórn hitaveitunnar. Bæjarstjórn er heimill að skipa hitaveitustjóra er annast daglegan rekstur hitaveitunnar, en bæjarstjórn skipar starfsmenn honum til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur.

Bæjarstjórn felur hitaveitunefnd eftirlit með daglegum rekstri og framkvæmdum hitaveitunnar.

#### 3. gr.

##### Einkaleyfi hitaveitunnar.

Hitaveita Ólafsfjarðar hefur einkaleyfi til dreifingar og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmisins.

Bæjarstjórn getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast dreifingu og sölu á titlteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

#### 4. gr.

##### Dreifikerfi.

Bæjarstjórn lætur leggja allt dreifikerfi hitaveitunnar utanhúss og inn fyrir húsvegg, enn fremur stofnleiðslu inn fyrir rennslihemil og telst dreifikerfi hitaveitunnar ná þangað og vera eign hitaveitunnar.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar nema leyfi hitaveitunnar sé fyrir hendi.

#### 5. gr.

##### Viðhaldsskylda.

Hitaveitan hefur viðhaldsskyldu á dreifikerfinu. Notanda er óheimilt að torvelda á nokkurn hátt aðgang til eftirlits og viðhalds á dreifikerfinu og má m. a. ekki hylja það innanhúss.

#### 6. gr.

##### Tenging.

Þeim, sem á húseign við götu eða veg, þar sem dreifiað hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina.

Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, og getur þá bæjarstjórn ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við dreifikerfið.

#### 7. gr.

##### Frárennsli.

Notanda er skylt að leiða hitaveituvatnið frá hitakerfi sínu í frárennsli hússins.

**8. gr.****Varmanotkun.**

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annara þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf til þess sérstaka heimild bæjarstjórnar.

**9. gr.****Varmaafll.**

Hitaveitan ákveður hámark varmaaflls til notenda. Henni er heimilt að minnka það eða loka fyrir um stundarsakir, telji hún nauðsynlegt vegna viðgerða, tenginga eða af öðrum ástæðum.

**10. gr.****Vatnsnot.**

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss. Ef hitaveitan óskar ekki eftir að nota slíkt afrennslisvatn, getur hitaveitustjóri leyft notkun þess til upphitunar á geymslu, bílgeymslu, gróðurhúsi eða til annarra slíkra nota. Hitaveitustjóri getur þó jafnan afturkallað slík leyfi, ef hann telur hitaveituna þurfa á vatninu að halda.

**11. gr.****Ábyrgð hitaveitunnar.**

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartrufnunum, er verða vegna frosta, rafmagnsbilunar eða annarra óviðráðanlegra orsaka.

Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða og annars slíks. Hitaveitan er ekki heldur bótaskyld vegna tjóns á mönnum eða eignum frá hitalögnum innanhúss, enda skal notandi hafa öryggisventil á kerfi sínu sé þess þörf.

**12. gr.****Umsóknir.**

Þeir, sem óska að gerast notendur hitaveitunnar, skulu sækja skriflega um það til hitaveitunefndar.

Enn fremur skal húseigandi, sem ætlar að leggja hitakerfi í hús sitt eða breyta eldra kerfi, senda umsókn um það til hitaveitunefndar.

Umsóknnum skal fylgja uppdráttur í tveim eintökum af hitakerfi því sem tengja skal hitaveitunni. Uppdráttur skal vera á blaði af íslenskri staðalstærð.

Þegar hitaveitunefnd hefur samþykkt umsóknina skal hitaveitustjóri árita bæði eintök uppdráttanna. Annað eintakið skal varðveitt í skjalasafni kaupstaðarins, en hitt afhendist umsækjanda. Samþykkt hitaveitunefndar fellir enga ábyrgð á hitaveituna varðandi hæfi hitakerfisins.

**13. gr.****Eftirlit.**

Eftirlitsmaður hitaveitu skal hafa frjálstan aðgang að hitalögnum bæði innanhúss og utan meðan á verki stendur. Engar hitalagnir má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af eftirlitsmanni.

14. gr.  
Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 50 000 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. ágúst 1975.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

5. ágúst 1975.

Nr. 368.

**G J A L D S K R Á**  
**Hitaveitu Ólafsfjarðar.**

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber og reglugerð Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 367, 5. ágúst 1975.

2. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra, og hitalagnir í góðu lagi.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað. Einnig selur hitaveitan vatn eftir magnmæli, ef notandi þarf meira vatn í skamman tíma utan mesta álagstíma. Hitaveitustjóri ákveður til hvaða aðila skuli selja vatn eftir magnmæli.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við starfsmenn hitaveitunnar fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þóttt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald, kr. 400.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjald, kr. 650.00 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils.